# Efnisyfirlit

bls.


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ..... 3

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ..... 4

Samandreginn efnahagsreikningur ..... 5

Sjóðstreymisyfirlit ..... 6

Eiginfjáryfirlit ..... 7

Skýringar ..... 8

Ársfjórðungayfirlit ..... 10

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Nova Klúbburinn hf. er móðurfélag Nova hf., en meginstarfsemi þess er fjarskiptarekstur og skyld starfsemi. Samandreginn árshlutareikningur þessi samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. (félagið) og dótturfélaga þess Nova hf. og NL9 ehf., saman nefnt „samstæðan“. Samandregni árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu námu heildartekjur fyrir tímabilið janúar til júní 2025 6.753 millj. kr. samanborið við 6.426 millj. kr. á sama tímabili á fyrra ári. EBITDA var 2.043 millj. kr. samanborið við 1.865 millj. kr. á fyrra ári. Hagnaður og heildarafkoma var 317 millj. kr. samanborið við 241 millj. kr. á fyrra ári. Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.456 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en var 9.664 millj. kr. í upphafi árs. Eiginfjárhlutfall er 39,9%, samanborið við 40,6% í upphafi árs. Vísað er til eiginfjáryfirlits varðandi upplýsingar um breytingar á eigin fé á tímabilinu.

Í maí óskaði Margrét Tryggvadóttir eftir því að láta af störfum sem forstjóri félagsins. Sylvía Kristín Ólafsdóttir var í júlí ráðinn forstjóri í hennar stað og tekur hún til starfa á næstu vikum.

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar var hlutfé lækkað um kr. 130.091.708 að nafnverði í maí vegna eigin hluta sem keyptir voru á tímabilinu apríl 2024 til mars 2025.

Á stjórnarfundi í maí samþykkti stjórn, á grundvelli ákvörðunar aðalfundar, að hefja endurkaup eigin bréfa fyrir allt að 550 m.kr. Í framhaldi af samþykkt stjórnar og til og með 30. júní 2025 hafði félagið keypt sem nemur samtals 18 milljónum eigin hluta að nafnverði, á meðalgenginu 4,81, fyrir alls 86,6 m.kr., eða sem nemur 0,51% af útistandandi

Þá var á tímabilinu undirritaður samningur milli Nova og Dineout ehf. um kaup Nova á 20% hlut í Dineout fyrir fjárhæð 350 millj. kr., ásamt samningi um ádráttarlán að fjárhæð allt að 250 millj. kr., með breytirétti í hlutafé, en samningarnir gefa Nova kost á að auka hlut sinn í félaginu á næstu árum.

### Rekstur tímabilsins janúar til júní 2025

Samkvæmt okkar bestu vitund er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af fjárhagslegri afkomu samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til júní 2025, eignum hennar, skuldum og fjárhagsstöðu þann 30. júní 2025, og sjóðstreymi hennar fyrir tímabilið janúar til júní 2025. Jafnframt er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur og skýrsla stjórnar og forstjóra innihaldi skýrt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning fyrir tímabilið janúar til júní 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. ágúst 2025

**Stjórn**

Sigríður Olgeirsdóttir
Stjórnarformaður

Hrund Rudolfsdóttir
Meðstjórnandi

Jón Óttar Birgisson
Meðstjórnandi

Steinunn Hlíf Sigurðardóttir
Meðstjórnandi

Jóhannes Þorsteinsson
Meðstjórnandi

Margrét Tryggvadóttir
Forstjóri

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025

| | Sk. | 1.4.-30.6 2025 | 1.4.-30.6 2024 | 1.1.-30.6 2025 | 1.1.-30.6 2024 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Sala | 4 | 3.396.698 | 3.200.600 | 6.695.848 | 6.368.234 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 31.783 | 27.793 | 56.657 | 57.375 |
| | | 3.428.481 | 3.228.393 | 6.752.505 | 6.425.609 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 1.527.642 | 1.494.468 | 3.012.691 | 2.998.582 |
| Laun og launatengd gjöld | | 549.375 | 517.847 | 1.098.608 | 1.033.944 |
| Annar kostnaður | | 297.367 | 255.524 | 598.010 | 527.899 |
| | | 2.374.384 | 2.267.839 | 4.709.309 | 4.560.425 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA** | | 1.054.097 | 960.554 | 2.043.196 | 1.865.184 |
| Afskriftir | 5 | (607.504) | (557.977) | (1.190.041) | (1.100.969) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 446.593 | 402.577 | 853.155 | 764.215 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 8.231 | 9.668 | 18.118 | 18.052 |
| Vaxtagjöld | | (263.125) | (271.909) | (468.975) | (479.177) |
| Gengismunur | | (154) | (2.157) | (4.419) | 1.085 |
| | 6 | (255.048) | (264.398) | (455.276) | (460.040) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | (2.944) | 0 | (2.944) | 0 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 188.601 | 138.179 | 394.935 | 304.175 |
| Tekjuskattur | | (39.469) | (30.297) | (78.339) | (63.153) |
| **Hagnaður og heildarafkoma á tímabilinu** | | 149.132 | 107.882 | 316.596 | 241.022 |
| **Hagnaður á hlut** | | | | | |
| Grunn- og þynntur hagnaður á hlut | | 0,042 | 0,029 | 0,089 | 0,065 |

Skýringar á bls. 8 - 9 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu
# 30. júní 2025

| | Sk. | 30.6.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Viðskiptavild | | 10.136.485 | 10.136.485 |
| Óefnislegar eignir | | 1.343.834 | 1.425.912 |
| Rekstrarfjármunir | | 3.853.230 | 3.938.919 |
| Leigueignir | | 4.648.268 | 4.653.738 |
| Eignahlutir í hlutdeildarfélögum | 8 | 349.652 | 2.596 |
| Skatteign | | 472.616 | 550.734 |
| Fastafjármunir | | 20.804.085 | 20.708.384 |
| Vörubirgðir | | 461.920 | 409.572 |
| Skammtímakröfur á tengda aðila | | 140.570 | 142.728 |
| Viðskiptakröfur | | 1.167.978 | 1.174.161 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 473.123 | 351.591 |
| Handbært fé | | 632.976 | 1.031.433 |
| Veltufjármunir | | 2.876.567 | 3.109.485 |
| **Eignir samtals** | | 23.680.652 | 23.817.869 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 3.535.275 | 3.587.181 |
| Yfirverðsreikningur | | 1.833.779 | 2.014.877 |
| Varasjóðir | | 1.060.592 | 1.549.060 |
| Óráðstafað eigið fé | | 3.026.187 | 2.512.541 |
| | | 9.455.833 | 9.663.659 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | | 1.837.500 | 1.890.000 |
| Leiguskuldbindingar | | 6.712.495 | 6.690.624 |
| Aðrar langtímaskuldir | | 3.096.247 | 3.056.650 |
| Langtímaskuldir samtals | | 11.646.242 | 11.637.274 |
| Skammtímaskuldir við tengda aðila | | 143.232 | 145.430 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 105.000 | 105.000 |
| Viðskiptaskuldir | | 996.110 | 795.493 |
| Reiknaðir skattar til greiðslu | | 1.951 | 291.351 |
| Leiguskuldbindingar og aðrar skuldir | | 329.080 | 312.745 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 895.556 | 773.969 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 107.648 | 92.948 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 2.578.577 | 2.516.936 |
| Skuldir samtals | | 14.224.819 | 14.154.210 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 23.680.652 | 23.817.869 |

Skýringar á bls. 8 - 9 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2025

| | Sk. | 1.4.-30.6 2025 | 1.4.-30.6 2024 | 1.1.-30.6 2025 | 1.1.-30.6 2024 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins ........................................... | | 149.132 | 107.882 | 316.596 | 241.022 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir ................................................................. | | 607.504 | 557.977 | 1.190.041 | 1.100.969 |
| Tekjuskattur ........................................................ | | 39.469 | 30.297 | 78.339 | 63.153 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags .................... | | 2.944 | 0 | 2.944 | 0 |
| Hreinar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .......... | | 255.048 | 264.398 | 455.276 | 460.040 |
| | | 1.054.097 | 960.554 | 2.043.196 | 1.865.184 |
| Birgðir, (hækkun) lækkun .................................... | | (7.100) | 42.638 | (52.348) | (85.205) |
| Viðskiptakr. og aðrar kröfur, lækkun (hækkun) ..... | | 55.633 | 28.828 | (67.067) | (122.609) |
| Viðskiptask. og aðrar skuldir, hækkun (lækkun) ... | | (82.531) | (268.342) | 112.857 | (93.453) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | (33.998) | (196.876) | (6.558) | (301.267) |
| Innheimtar vaxtatekjur ......................................... | | 8.811 | 9.668 | 18.118 | 18.052 |
| Greidd vaxtagjöld ................................................ | | (195.905) | (178.483) | (396.171) | (365.543) |
| Greiddir skattar .................................................... | | (69.551) | (59.083) | (116.073) | (98.472) |
| Handbært fé frá rekstri | | 763.454 | 535.780 | 1.542.512 | 1.117.954 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir ...................................... | | (334.670) | (390.601) | (704.955) | (802.583) |
| Uppgjör vegna kaupa á félagi 2017 ...................... | | 0 | (46.714) | 0 | (87.500) |
| Keyptar óefnislegar eignir .................................... | | (76.615) | 0 | (155.099) | (108.764) |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélagi ............................... | | (350.000) | 0 | (350.000) | 0 |
| | | (761.285) | (437.315) | (1.210.054) | (998.847) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Keypt eigin hlutabréf ............................................ | | (89.478) | (98.314) | (233.004) | (143.186) |
| Afborganir leiguskulda ......................................... | | (60.822) | (57.386) | (124.875) | (111.907) |
| Afborganir annarra langtímaskulda ..................... | | (15.382) | (13.742) | (30.059) | (26.855) |
| Arður til hluthafa .................................................. | | (291.417) | 0 | (291.417) | 0 |
| Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda ............. | | (26.250) | (26.250) | (52.500) | (52.500) |
| | | (483.349) | (195.692) | (731.855) | (334.448) |
| **Lækkun á handbæru fé** ....................................... | | (481.180) | (97.227) | (399.397) | (215.341) |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé ................... | | 886 | (9.562) | 940 | (8.593) |
| **Handbært fé í upphafi árs** .................................. | | 1.113.270 | 379.816 | 1.031.433 | 496.960 |
| **Handbært fé í lok tímabils** .................................. | | 632.976 | 273.027 | 632.976 | 273.026 |

Skýringar á bls. 8 - 9 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2025

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Varasjóðir | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða 1. janúar 2024 | 3.694.777 | 2.327.553 | 1.358.689 | 1.895.992 | 9.277.011 |
| Hagnaður og heildarafkoma janúar til júní 2024............................. | | | | 241.022 | 241.022 |
| Kaup á eigin hlutabréfum...................... | (36.198) | (106.988) | | | (143.186) |
| Hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttekinn arð........................ | | | (600.356) | 600.356 | 0 |
| Staða 30. júní 2024 | 3.658.579 | 2.220.565 | 758.333 | 2.737.370 | 9.374.847 |
| Hagnaður og heildarafkoma júlí til desember 2024........................ | | | | 565.898 | 565.898 |
| Kaup á eigin hlutabréfum...................... | (71.398) | (205.688) | | | (277.086) |
| Framlag í lögbundinn varasjóð............. | | | 80.692 | (80.692) | 0 |
| Móttekinn arður frá dótturfélagi umfram hlutdeild í hagnaði................. | | | 710.035 | (710.035) | 0 |
| Staða 31. desember 2024 | 3.587.181 | 2.014.877 | 1.549.060 | 2.512.541 | 9.663.659 |
| Hagnaður og heildarafkoma janúar til júní 2025............................. | | | | 316.596 | 316.596 |
| Greiddur arður 0,082 kr. per hlut........... | | | | (291.417) | (291.417) |
| Kaup á eigin hlutabréfum...................... | (51.906) | (181.098) | | | (233.004) |
| Framlag lögbundinn varasjóð............... | | | 31.660 | (31.660) | 0 |
| Hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttekinn arð........................ | | | (520.128) | 520.128 | 0 |
| Staða 30. júní 2025 | 3.535.275 | 1.833.779 | 1.060.592 | 3.026.188 | 9.455.834 |

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar 2025 var hlutafé lækkað í maí um 130.092 þkr. að nafnverði vegna eigin hluta sem keyptir voru á tímabilinu apríl 2024 til mars 2025. Skráð og útgefið hlutafé nam því 3.553.875 þkr. í lok tímabilsins. Eigin hlutir sem keyptir hafa verið á tímabilinu maí 2025 til og með júní 2025 námu samtals 18,6 millj. kr. Útistandandi hlutafé í lok tímabilsins nam því kr. 3.535.275 þkr.

Skýringar á bls. 8 - 9 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Skýringar

## 1. Félagið

Nova Klúbburinn hf. („félagið“) er skráð félag og með aðsetur á Íslandi. Skrifstofur og höfuðstöðvar félagsins eru að Lágmúla 9 í Reykjavík. Samandreginn árshlutareikningur þessi fyrir tímabilið sem lauk 30. júní 2025 samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. og dótturfélaga þess, Nova hf. og NL9 ehf., saman nefnt „samstæðan“. Nova hf. er íslenskt fjarskiptafélag sem er í 100% eigu félaga í samstæðu Nova Klúbbsins hf. NL9 ehf. er 100% í eigu Nova Klúbbsins hf. og hefur þann eina tilgang að eiga tvo hluti í Nova hf.

Meginstarfsemi samstæðunnar er rekstur fjarskiptaþjónustu og skyld starfsemi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð þessa samandregna árshlutareiknings eru settar fram hér að neðan. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt bæði tímabilin sem reikningurinn nær til, nema annað sé tekið fram.

Samandreginn árshlutareikningur Nova klúbbsins hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullgerðum ársreikningi og ber því að lesa með tilliti til ársreiknings ársins 2024.

Samandregni árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhagsupplýsingar í íslenskum krónum hafa verið námundaðar að næsta þúsundi nema annað sé tekið fram.

## 3. Mikilvæg atriði tengd matsliðum

Við gerð árshlutareiknings ber stjórnendum, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að gefa sér forsendur, áætla og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á uppgjörsdegi, upplýsingar í athugasemdum og tekjur og gjöld. Þetta mat og ályktanir tengdar því er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Jafnvel þótt áætlanir séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunvirði þeirra hluta sem áætlað er með þessum hætti reynst annað en niðurstaðan samkvæmt matinu.

## 4. Sölutekjur af samningum við viðskiptavini

Í samræmi við innri upplýsingagjöf er félagið skilgreint sem einn starfsþáttur með fjórum megin tekjustraumum: FlakkNet, FastNet, Vörusala og Aðrar sölutekjur.

**FlakkNet:** Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.

**FastNet:** Tekjur af þjónustu sem nýtir fastanet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastanet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.

**Vörusala:** Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði. Vörusala er tekjufærð á þeim tímapunkti þegar yfirráð yfir vöru færast yfir til viðskiptavinar.

**Aðrar sölutekjur:** Tekjur af annarri fjarskiptatengdri þjónustu sem fellur ekki undir ofangreinda flokka. Svo sem fastlínuþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Þessar tekjur eru tekjufærðar á því tímabili sem notkun á sér stað.

## 4. Sölutekjur af samningum við viðskiptavini, frh.:

| Janúar til júní 2025 | FlakkNet | FastNet | Vörusala | Aðrar sölut. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Á tímapunkti | 0 | 0 | 854.499 | 0 | 854.499 |
| Yfir tímabil | 3.291.422 | 2.077.344 | 0 | 472.583 | 5.841.349 |
| Tekjur samtals | 3.291.422 | 2.077.344 | 854.499 | 472.583 | 6.695.848 |

| Janúar til júní 2024 | FlakkNet | FastNet | Vörusala | Aðrar sölut. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Á tímapunkti | 0 | 0 | 855.067 | 0 | 855.067 |
| Yfir tímabil | 3.126.657 | 1.876.796 | 0 | 509.714 | 5.513.167 |
| Tekjur samtals | 3.126.657 | 1.876.796 | 855.067 | 509.714 | 6.368.234 |

Enginn einn viðskiptavinur átti í viðskiptum sem námu meira en 10% af tekjum félagsins á tímabilinu.

## 5. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

| | 1.1.-30.6 2025 | 1.1.-30.6 2024 |
|---|---|---|
| Afskriftir óefnislegra eigna | 227.947 | 242.800 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 799.874 | 718.465 |
| Afskriftir nýtingaréttar leigueigna | 162.221 | 139.704 |
| | 1.190.042 | 1.100.969 |

## 6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 1.1.-30.6 2025 | 1.1.-30.6 2024 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 18.118 | 18.052 |
| Vaxtagjöld leiguskuldbindinga | (254.871) | (223.583) |
| Vaxtagjöld annarra skulda | (41.037) | (38.099) |
| Verðbætur annarra skulda | (75.987) | (100.163) |
| Vaxtagjöld langtímalána | (94.409) | (114.845) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (2.671) | (2.487) |
| Fjármagnsgjöld samtals | (468.975) | (479.177) |
| Gengismunur | (4.419) | 1.085 |
| Hrein fjármagnsgjöld | (455.276) | (460.040) |

## 7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Eftir lok reikningsskiladags hefur félagið keypt viðbótar eiginhluti í samræmi við heimild aðalfundar um endurkaup eiginhluta. Frá því að ný endurkaupáætlun hófst í maí til og með 8. ágúst nema heildarkaup eiginhluta samtals 33 millj. hlutum að nafnverði, á meðalgenginu 4,84 fyrir alls 159,6 millj. kr., sem nemur 0,93% af útgefnu hlutafé félagsins.

## 8. Hlutdeildarfélög

Eignarhlutur Nova í Dineout ehf. er færður í samstæðureikning í samræmi við aðferð hlutdeildarfélaga, þar sem Nova hf. hefur veruleg áhrif á rekstur félagsins en ekki yfirráð. Eignarhluturinn er upphaflega skráður á kostnaðarverð við kaup og aðlagaður í kjölfarið vegna hlutdeildar Nova hf. í hagnaði eða tapi Dineout ehf., sem og annarra breytinga á eigin fé félagsins frá kaupdegi. Eignarhluturinn er færður undir liðinn Eignarhlutur í hlutdeildarfélögum á efnahagsreikningnum ásamt eignarhlut Nova í Hinu Íslenska Númeraflutningsfélagi sem áður var flokkaður undir liðinn Aðrar fjáreignir.

# Ársfjórðungayfirlit

| Ársfjórðungayfirlit 2025 í millj. kr.: | F1 2025 | F2 2025 |
|---|---|---|
| FlakkNet | 1.623 | 1.668 |
| FastNet | 1.028 | 1.049 |
| Vörusala | 410 | 444 |
| Aðrar sölutekjur | 237 | 235 |
| Aðrar rekstrartekjur | 25 | 32 |
| **Rekstrartekjur** | **3.324** | **3.428** |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.485) | (1.528) |
| Laun og launatengd gjöld | (549) | (549) |
| Annar kostnaður | (301) | (297) |
| **Rekstrarkostnaður** | **(2.335)** | **(2.374)** |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA** | **989** | **1.054** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (389) | (411) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (114) | (114) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (79) | (83) |
| **Afskriftir** | **(582)** | **(608)** |
| **Rekstrarhagnaður, EBIT** | **407** | **446** |
| Vaxtatekjur | 10 | 8 |
| Gengismunur | (4) | (0) |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (49) | (46) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (124) | (131) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (21) | (20) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (7) | (69) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (5) | 2 |
| **Fjármagnstekjur og gjöld** | **(200)** | **(255)** |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | (3) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **207** | **188** |
| Tekjuskattur | (39) | (39) |
| **Hagnaður ársins og heildarafkoma** | **168** | **149** |
| | | |
| Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga | (188) | (191) |
| **EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)** | **801** | **863** |
| | | |
| **Kennitölur í rekstrarreikning** | | |
| EBITDA hlutfall | 29,76% | 30,75% |
| EBITDAaL hlutfall | 24,09% | 25,16% |
| EBIT hlutfall | 12,24% | 13,02% |
| Hagnaður á hlut | 0,047 | 0,042 |
| | | |
| **Kennitölur í efnahagsreikning** | **31.3.2025** | **30.6.2025** |
| Eiginfjárhlutfall | 40,51% | 39,93% |
| Veltufjárhlutfall | 1,257 | 1,116 |

# Ársfjórðungayfirlit

| Ársfjórðungayfirlit 2024 í millj. kr.: | F1 2024 | F2 2024 | F3 2024 | F4 2024 | Samtals 2024 |
|---|---|---|---|---|---|
| FlakkNet | 1.549 | 1.578 | 1.698 | 1.637 | 6.461 |
| FastNet | 936 | 941 | 1.015 | 1.005 | 3.897 |
| Vörusala | 419 | 436 | 410 | 586 | 1.851 |
| Aðrar sölutekjur | 264 | 245 | 239 | 244 | 993 |
| Aðrar rekstrartekjur | 30 | 28 | 26 | 29 | 112 |
| **Rekstrartekjur** | **3.197** | **3.228** | **3.388** | **3.501** | **13.314** |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.504) | (1.494) | (1.546) | (1.595) | (6.139) |
| Laun og launatengd gjöld | (516) | (518) | (434) | (563) | (2.031) |
| Annar kostnaður | (272) | (256) | (211) | (278) | (1.016) |
| **Rekstrarkostnaður** | **(2.293)** | **(2.268)** | **(2.190)** | **(2.436)** | **(9.186)** |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA** | **905** | **961** | **1.198** | **1.065** | **4.128** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (352) | (366) | (378) | (392) | (1.489) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (123) | (120) | (82) | (133) | (458) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (68) | (72) | (73) | (107) | (320) |
| **Afskriftir** | **(543)** | **(558)** | **(534)** | **(632)** | **(2.266)** |
| **Rekstrarhagnaður, EBIT** | **362** | **403** | **665** | **433** | **1.862** |
| Vaxtatekjur | 8 | 10 | 10 | 61 | 90 |
| Gengismunur | 3 | (2) | (2) | 3 | 1 |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (58) | (56) | (58) | (56) | (228) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (112) | (112) | (112) | (129) | (465) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (19) | (19) | (19) | (19) | (77) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (16) | (84) | (47) | (4) | (151) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (1) | (1) | (6) | (1) | (9) |
| **Fjármagnstekjur og gjöld** | **(196)** | **(264)** | **(234)** | **(145)** | **(839)** |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **166** | **138** | **431** | **288** | **1.023** |
| Tekjuskattur | (33) | (30) | (108) | (44) | (216) |
| **Hagnaður ársins og heildarafkoma** | **133** | **108** | **322** | **244** | **807** |
| | | | | | |
| Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga | (167) | (169) | (170) | (215) | (720) |
| **EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)** | **738** | **792** | **1.028** | **850** | **3.408** |
| | | | | | |
| **Kennitölur í rekstrarreikning** | | | | | |
| EBITDA hlutfall | 28,29% | 29,75% | 35,36% | 30,41% | 31,00% |
| EBITDAaL hlutfall | 23,08% | 24,52% | 30,36% | 24,28% | 25,60% |
| EBIT hlutfall | 11,31% | 12,47% | 19,61% | 12,36% | 13,98% |
| Hagnaður á hlut | 0,036 | 0,029 | 0,088 | 0,067 | 0,221 |
| | | | | | |
| **Kennitölur í efnahagsreikning** | **31.3.2024** | **30.6.2024** | **30.9.2024** | **31.12.2024** | |
| Eiginfjárhlutfall | 39,71% | 40,18% | 40,33% | 40,57% | |
| Veltufjárhlutfall | 1,014 | 1,047 | 1,174 | 1,235 | |